

---

Hjúkrunar-og sjúkradeild

# Skjólgarður Hornafirði



[www.vigdissarholt.is](http://www.vigdissarholt.is)

---

---

**Upplýsingar til heimilismanna og  
aðstandenda þeirra.**



## **Skjólgarður hjúkrunarheimili.**

Markmið Skjólgarðs er að vera ávallt í fremstu röð hjúkrunarheimila í landinu hvað varðar þjónustu við heimilismenn. Markmið okkar er að styðja og styrkja sjálfsmynd og sjálfræði íbúa og búa þeim vistlegt heimili þar sem mannréttindi, mannúð og virðing er í heiðri höfð.

## **Starfsemin**

Á hjúkrunarheimilinu eru 27 hjúkrunarrými án baðs og þar af eru 2 einbýli en önnur rými tvíbýli. Stendur til að byggja nýtt hjúkrunarheimili og er bygging þess í startholunum. Framkvæmdarstjóri hjúkrunar er Jóhanna Sigríður Sveinsdóttir, johanna@skjolgardur.is, sími 855-2305

**Sjúkrarými.** Við rekum 3 sjúkrarými í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands eru þau með fráteknastofu 14 og svo eitt rými í tvíbýli. Hér kemur fólk af ýmsum ástæðum til innlagnar, svo sem endurhæfing, lyfjameðferð, eftir skurðaðgerðir og fleira.

## **Hjúkrunardeild .**

Hér starfa hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, félagsliðar, sjúkraþjálfari, aðstoðarmaður sjúkraþjálfara og aðrir aðstoðarmenn hjúkrunar. Símanúmer á deildinni er 855-2300 og 855-2301. Deildin skiptist í þrjár einingar, bláa, græna og bleika einingu. Bláa einingin snýr að sjó og er hægt að loka henni til þess að þjónusta frekar minnisskerta. Græni gangurinn er í miðjunni og bleiki gangurinn snýr í átt að götunni.

Markmið okkar er að veita framúrskarandi hjúkrun og auka lífsgæði fólks á síðustu árum ævinnar. Við veitum líknandi meðferð svo einstaklingar geti haldið reisin sinni alla sína dvöl. Markmið okkar er að styðja og styrkja sjálfsmynd og sjálfræði íbúa og búa þeim vistlegt heimili þar sem mannréttindi, mannúð og virðing er í heiðri höfð.

## **Tengiliðir heimilismanns eru:**

Hjúkrunarfræðingur: \_\_\_\_\_  
Sjúkraliði: \_\_\_\_\_

### **Minningarkort.**

Minningarkort Gjafa- og minningarsjóðs Skjólgarðs eru seld á heimasíðu heimasíðu sveitarfélagsins Hornafjörður—  
www.hornafjordur.is. Hægt er bæði að millifæra eða greiða með greiðslukorti.

Allur ágóði af sölu minningarkortanna rennur til sjóðsins og er markmið hans að efla og styrkja málefni aldraðra í sveitarfélaginu.

### **Útfararþjónusta:**

Útfararþjónusta Skjólgarðs sinnir útfararþjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins Hornafjarðar. Þjónustan er veitt af hjúkrunarfræðingum Skjólgarðs. Þeir sinna vitjunum og eftirliti hins látna, veita aðstoð við flutning og snyrtingu hins látna. Sendur er reikningur fyrir útfararþjónustu á aðstandendur. Samstarf er á milli presta, kirkjuvarðar og hjúkrunarfræðinga á Skjólgarði.

### **Reikningagerð.**

Ef íbúinn þarf að taka þátt í daggjöldum þá er mikilvægt að senda upplýsingar til bókhaldsins um hvernig íbúinn vill fá senda reikningana. Hægt er að fá þá senda í bréfpósti, sem kröfu í heimabanka og reikningin þar inn undir rafrænir reikningar eða í tölvupósti. Ef íbúinn vill nýta sér greiðsluþjónustu banka síns þá þarf hann sjálfur að upplýsa bankann þar um.

Upplýsingarnar skal senda á;  
vigdisarholt@vigdisarholt.is eða í síma 855-2303

### **Áherslur í hjúkrun og umönnun**

Öll hjúkrun miðast við að styrkja heimilismenn til sjálfshjálpar en þeir njóti aðstoðar þar sem getu sleppir, með áherslu á að virða sjálfræði einstaklingsins. Þannig er leitast við að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur.

Áhersla er lögð á að skapa heimilislegt andrúmsloft með vellíðan og öryggi hvers heimilismanns að leiðarljósi. Reynt er að auðvelda heimilismönnum að aðlagast breyttum aðstæðum með því m.a. að leggja áherslu á samvinnu og stuðning við fjölskyldur þeirra.

Innan þriggja mánaða eftir komu heimilismanns er fjölskyldu boðið fjölskyldufundur þar sem farið er yfir helstu mál og samvinna við fjölskyldu og aðstandendur er höfð að leiðarljósi.

Þegar lífslok nálgast er það einnig hlutverk hjúkrunarheimilisins að veita líknandi meðferð og meðferð við lífslok til að einstaklingurinn geti haldið reisu sinni og átt friðsælt andlát. Þjónustan skal byggjast á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum íbúans.

Farvegur fyrir ábendingar og kvartanir varðandi aðbúnað eða umönnun berast til framkvæmdastjóra hjúkrunar.

### **Læknisþjónusta**

Samningur er á milli Skjólgarðs og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands um læknisþjónustu. Elín Freyja Hauksdóttir er læknir heimilisins og er stofugangur 2x í viku á mánudögum og fimmtudögum. Auk þess er læknir á vakt sem sinnir heimilinu þess á milli og utan dagvinnutíma.

Ef heimilismaður fer til sérfræðings eða pantar lyf án milligöngu lækna heimilisins ber honum að greiða fyrir þá þjónustu sjálfur.

Skjólgarður greiðir ekki fyrir tannlæknisþjónustu.

### **Lyf**

Lyf eru afgreidd vélskömmtuð fyrir hvern heimilismann frá Apóteki.

## Herbergi

Herbergin eru búin sjúkrarúmi, náttborði, fataskáp, ljósum og glugga-tjöldum.

Tengingar eru fyrir sjónvarp. Heimilismenn greiða sjálfir af Stöð 2 eða ef þeir vilja hafa sjónvarpskubb svo sem Apple TV.

Þjöllur eru á hverju herbergi, handklæði og þvottapokar. Að öðru leyti kemur hver með sinn **húsbúnað í samráði við stjórnendur deildarinnar**, því taka þarf tillit til stærðar herbergis og miða við að þrif og umönnun verði auðveld.

Hver heimilismaður er beðinn um að koma með tvö teppi annað til að breiða yfir rúmið á daginn og hitt þegar íbúinn vill leggja sig.

Þegar um tvíbýli er að ræða skiptist herbergið við loftsúluna og skilrúmstjöldin. Mikilvægt er að virða þessi skiptingu og ekki setja muni yfir á svæði herbergisfélagans.

Þær aðstæður geta komið upp að nauðsynlegt er að flytja heimilismann í annað herbergi. Við andlát eða flutning af heimilinu þarf að rýma herbergið innan þriggja daga.

## Lín

Heimilismenn og þeirra aðstandendur hafa val um að þvo sjálfir einkafatnað heimilismanna eða láta þvottahúsið okkar sjá um þvottinn (án ábyrgðar). Mikilvægt er að merkja allar flíkur og lín heimilismanns með nafni. Hægt er að kaupa miða sem saumað er í eða sérstaka merkilímið sem hafa reynst vel.

Við sjáum fyrir handklæðum, þvottapokum og lökum. Fatnaður, sæng, koddar og rúmföt kemur hver og einn með fyrir sig (muna að merkja).

Mikilvægt er að merkja fötin strax við flutning svo flíkur og aðrir munir tynist síður.

Mikilvægt er að aðstandendur merki nýjar flíkur sem heimilisfólk eignast.

Þvott sem þarf að handþvo eða hreinsa sjá heimilismenn eða þeirra aðstandendur sjálfir um og einnig viðhald og endurnýjun fatnaðar.

*Mikilvægt er að fötin sem komið er með sem og sæng, koddar og rúm-föt þoli almannan þvott í þvottavél.*

6. mars 2019

## Heimasíða.

Heimasíða Skjólgarðs er [www.vigdisarholt.is](http://www.vigdisarholt.is). Facebook síða er til fyrir aðstandendur þar sem settar eru helstu tilkynningar og myndir. Heitir síðan Skjólgarður Hornafirði

## Greiðslur fyrir dvöl á hjúkrunarheimili.

Greiðslur fyrir dvöl á hjúkrunarheimili eru í formi daggjalda. Daggjöld eru ákveðin af Heilbrigðisráðuneytinu.

Greiðsluhluti íbúa er tekjutengdur og um útreikninga sér Tryggingastofnun ríkisins sími 560-4400. Nánari upplýsingar er líka að finna á vef stofnunarinnar <http://www.tr.is>. Vigdísarholt sér um innheimtu fyrir Tryggingastofnun ríkisins.

Ef til þátttöku í dvalarkostnaði kemur sendir Vigdísarholt mánaðarlega greiðsluseðla til heimilismanna nema um annað sé beðið. Þeir sem nýta sér greiðsluþjónustu banka þurfa að láta sinn viðskiptabanka skrá greiðslurnar sérstaklega í greiðsluþjónustu en það gerist ekki sjálfkrafa.

Við innlögn fellur niður ellilífeyrir. Hafi heimilismaður litlar eða engar tekjur getur hann átt rétt á vasapeningum (mánaðarlegt ráðstöfunarfé). Sótt er um vasapeninga á sérstökum eyðublöðum frá Tryggingastofnun - [www.tr.is](http://www.tr.is).

Sjálfsagt er að heimilismaður haldi eins og mögulegt er fjárhagslegu sjálfstæði sínu. Ef heilsufarsástandur hamla því eða heimilismaður óskar þess er rétt að skipa fjárhaldsmann.

Rekstraraðila eða starfsmönnum hans er óheimilt að hafa með höndum fjárvörslu fyrir íbúa.

6.12.2021

9

## Hársnyrting

Reglulega koma til okkar hársnyrtar bæjarins og klippa heimilismenn. Fjölskyldu er einnig velkomið að panta hárklippingu fyrir sína aðstandendur eða fara með þeim í klippingu. Heimilisfólk greiðir sjálft fyrir þessa þjónustu

## Fótaaðgerðastofa

Fótaaðgerðafræðingur kemur reglulega eða um 3 x á önn. Veitir hún íbúum þjónustu í samráði við hjúkrunarfræðing og aðstandendur. Íbúar greiða sjálfir fyrir þessa þjónustu.

## Reykingar

Af öryggisástæðum er heimilismönnum ekki leyfilegt að reykja á herbergjum sínum. Þar til gert skýli er í bakgarðinum til nota fyrir íbúa sem reykja.

Gestum og starfsmönnum er óheimilt að reykja á Skjólgarði eða á lóð Skjólgarðs.

## Lögheimili.

Samkvæmt lögum á lögheimili að vera sá staður sem einstaklingur hefur fasta búsetu. Hægt er að nálgast flutningstilkynningu á vef Þjóðskrár Íslands. Hjón eru alltaf með sama lögheimili.

## Ferðalög og akstur.

Skjólgarður greiðir fyrir akstur til og frá heimilinu ef um er að ræða tíma hjá sérfræðilæknum eða rannsóknir sem ávísað er af læknum heimilisins.

Ekki er greitt fyrir akstur til tannlæknis eða til einkaerinda.

Ferðalög í einkaerindum utan heimilis innanlands og erlendis er alfarið á kostnað og ábyrgð íbúa.

## Ýmsar upplýsingar

- Heimsóknartími er frjálss og eru ættingjar og vinir heimilismanna hvattir til samskipta við sitt fólk. Bíltúrar, gönguferðir og heimsóknir til ættingja eru skemmtun og tilbreyting. Ávallt ber að láta starfsfólk vita ef heimilismenn fara út. Lengd slíkra ferða skal meta eftir því sem heilsa og aðstæður leyfa. Gott er líka ef aðstandendur geta tekið þátt í skemmtunum og ýmsum viðburðum með þeim íbúum sem ekki treysta sér til þess án aðstoðar.
- Nauðsynlegt er að aðstandendur tilkynni hjúkrunarfræðingi breytt símanúmer og heimilisföng. Ef aðstandandi fer í frí er mikilvægt að skilja eftir nafn og símanúmer þess sem leita má til.
- Heimilismaður er frjálss allra sinna ferða og getur dvalið að heiman í lengri eða skemmri tíma. Af öryggisástæðum þarf að tilkynna um fjarveru hjá hjúkrunarfræðingi á vakt.
- Heimilismenn sjá sjálfir um útvegum þeirra persónulegu hluta sem þeir þurfa á að halda eins og snyrtivörur, hárfvottavörur, krem, rakáhöld, tannbursta og annað þess háttar.
- Mikilvægt er að aðstandendur aðstoði heimilisfólk við að fylgjast með fatnaði þeirra og yfirfara reglulega, sérstaklega fyrir stórhátíðir.
- Skjólgarður ber ekki ábyrgð á fjármunum eða persónulegum eignum heimilismanna s.s. heyrnartækjum, gleraugum, tanngómum (gervitönnum) eða tannpörtum, bókum, húsgögnum, málverkum, peningum né fatnaði og bætir ekki slíkar eigur tapist þær. Heimilismönnum er bent á að tryggja verðmæta muni. Eins að vera ekki með mikla peninga á staðnum.
- Hjúkrunarfræðingar geta geymt pening heimilisfólks inni á læstu lyfjaherbergi, sem áætlaður er fyrir hársnyrtingu, fót snyrtingu og annarri þjónustu.
- Þegar heimilismönnum eru færð blóm er nauðsynlegt að hafa í huga að mörg blóm eru ofnæmisvaldar.

- Heimsóknir hunda eru háðar leyfi frá framkvæmdastjóra hjúkrunar eða vaktstjóra og háðar ákveðnum skilyrðum.
- Ekki er leyfilegt að festa sjónvörp upp á vegg nema að ætlunin sé að þau verði ekki tekin niður aftur og þá í samráði við stjórn-  
endur deildarinnar.

### **Iðjuþjálfun — félagsstarf**

Iðjuþjálfari Skjólgarðs er Guðrún Hallgrímsdóttir og stýrir hún henni í fjariðjuþjálfun. Aðstoðarmaður iðjuþjálfara er Þorbjörg Helgadóttir og vinnur hún undir handleiðslu Guðrúnar.

Í iðjuþjálfun er myndlist og önnur virkni

Félagsliði, Alma Þórisdóttir, stýrir félagsstarfi deildarinnar. Reglulega eru haldin böll, upplestur frá rithöfundum, ýmsar heimsóknir, boccia, bingó, bíó sýningar og önnur skemmtilegheit.

### **Sjúkraþjálfun.**

Sjúkraþjálfari heimilisins er Einar Smári og aðstoðarmaður hans er Sandra Sigmundsdóttir. Stýra þeir einstaklingsmiðaðri sjúkraþjálfun. Æfingarhjól er til staðar en einnig útihjól sem hægt er að nota þegar vel viðrar. Sjúkraþjálfunin er veitt hér á heimilinu og í herbergjum fyrir þá sem þurfa. Hópleikfimi er í boði. Markmið sjúkraþjálfunar er að örva og viðhalda líkamlegri færni heimilismanna, endurhæfa eftir sjúkdóma og brot, vinna að forvörnum, útvega hjálpertæki, veita fræðslu til heimilismanna, aðstandenda og starfsfólks.

Sjúkraþjálfarinn sér um að útvega þau hjálpertæki sem heimilismenn þurfa á að halda eins og hjólastóla. Hjólastóll og/eða göngugrind eru einu hjálpertækin sem heimilismaður kemur með við flutning á heimilið.

Ef viðkomandi er með önnur hjálpertæki í eigu Hjálpertækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands, ber heimilismanni/ aðstandanda að skila þeim til Hjálpertækjamiðstöðvarinnar.

### **Eldhús**

Eldhús Sunnuhlíðar matreiðir hollan og fjölbreyttan mat. Allt sérfæði sem þörf er á er eldað á staðnum og leitast er við að maturinn henti sem flestum. Stuðst er við Handbók um mataræði aldraðra frá Embætti Landlæknis (Lýðheilsustöð).

Við skipulag máltíða er mikilvægt að hafðar séu í heiðri íslenskar venjur og siðir. Virða skal þá venju að hafa aðalmáltíð dagsins að kvöldi á aðfangadag og gamlársdag. Tekið skal tillit til almennra hátíðisdaga og merkisdaga í lífi íbúa.

Allar máltíðir eru snæddar í matsölum heimilisfólksins. Matur er eingöngu færður inn á herbergi í veikindatilfellum.

### **Matartímar heimilismanna er eftirfarandi:**

Morgunmatur	kl. 08:30
Hádegismatur	kl. 11:30
Kaffi	kl. 14:30
Kvöldverður	kl. 18:00
Kvöldkaffi	kl. 20:00

### **Prestþjónusta**

Prestar sveitafélagsins koma reglulega í heimsókn en það eru þau María Rut Heimisdóttir og Gunnar Stígur Reynisson. Þau sinna einnig vaktþjónustu ef andlát ber að garði.